

REGLUGERÐ

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, í reglugerð þessari nefnd: „Samábyrgðin“, skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Samábyrgðin tekst á hendur:

- a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélagum.
- b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
- c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélagum.
- d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skylt er að váttryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, enda séu tryggingakjörin ekki lakari en hjá öðrum tryggingafélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.
- e. Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar svo og slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
- f. Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgerðar, sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar.
- g. Bráðafúatryggingu á tréskipum.

Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um rekstur.

3. gr.

Í stjórn Samábyrgðar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landsambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjú varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélagin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður, vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

4. gr.

Stjórnarfund skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaður í forföllum hans.

Stjórnarfundur er löglegur, ef þrír stjórnarmenn, þar á meðal formaður eða varaformaður, sækja fund.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir Samábyrgðina og ákveður verksvið hans. Framkvæmdastjóri má ekki eiga sæti í stjórn félagsins.

5. gr.

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig, í samræmi við þær reglur, sem Tryggingaeftirlitið setur.

Bráðafúatryggingarnar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi. Ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnílok ár hvert senda ráðuneytinu og Tryggingaeftirlitinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár.

6. gr.

Samábyrgðin skal eigi sjaldnar en þriðja hvert ár boða til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögum þeim, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni. Til aukafulltrúafundar skal boða, ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess.

Hvert félag hefur rétt til að senda tvo fulltrúa á fundinn. Formaður og framkvæmdastjóri félags eru sjálfkjörnir fulltrúar. Geti þeir ekki sótt fund, ákveður stjórn félagsins, hverjir skuli sækja fundinn af þess hálfu.

Stjórn Samábyrgðarinnar og framkvæmdastjóri hafa rétt til að sitja fulltrúafundi.

Á fulltrúafundi skal kjósa tvo menn í stjórn Samábyrgðarinnar og tvo til vara, sbr. 3. gr. Við þá kosningu hefur hvert félag eitt atkvæði. Þá skal ræða og gera ályktanir um málefni trygginganna.

Að afloknum fulltrúafundi skal Samábyrgðin senda ráðuneytinu afrit af fundargerðinni.

II. KAFLI

Um bráðafúatryggingar.

7. gr.

Allir eigendur tréskipa með þilfari, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland, eru skyldir að vát tryggja þau hjá Samábyrgðinni gegn skemmdum af bráðafúa, svo sem af völdum Coniophora Cerebellum, Poria og annarra sveppategunda, er slíkan fúa geta orsakað að dómi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Þegar skip er smíðuð eða skipshlutar endurnýjaðir, skal eigandi skips hlíta þeim fyrirmælum, sem Samábyrgðin setur til varnar gegn hættu af bráðafúa.

8. gr.

Hafi skip eigi fengið haffærisskirteini endurnýjað, er heimilt að fella það úr tryggingu eftir að eitt ár er liðið frá því að haffærisskirteini rann út. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal veðhöfum þá ákvörðun með 14 daga fyrirvara. Fáí skipið haffærisskirteini að nýju, skal það tekið í tryggingu að nýju, að lokinni fúaskoðun. Leiði fúaskoðun í ljós, að um fúaskemmdir sé að ræða í skipinu, þá eru þær skemmdir Samábyrgðinni óviðkomandi. Leiði fúaskoðun í ljós, að um engar fúaskemmdir sé að ræða, skiptist skoðunarkostnaðurinn jafnt milli eiganda og váttryggjanda.

Súðbyrt skip er eigi skylt að vát tryggja gegn bráðafúa.

9. gr.

Nú óskar eigandi skips, sem er til annars ætlað en fiskveiða, að vát tryggja það gegn bráðafúa, og er þá Samábyrgðinni skylt að tryggja skipið, enda hafi það ekki áður verið ótryggt, þegar það átti rétt á slíkri tryggingu. Áður en skipið er tekið í tryggingu, skal láta fara fram á því fúaskoðun. Komi fúaskemmdir í ljós,

eru þær óviðkomandi Samábyrgðinni. Skal eigandi láta gera við þær, áður en skipið er tekið í tryggingu. Kostnaður við fyrstu fúaskoðun skv. þessari grein greiðist af skipseiganda. Um kostnað við síðari skoðanir tryggðra skipa, sem ekki eru tryggingaskyld, gilda sömu reglur og um tryggingarskyld skip.

10. gr.

Neiti eða vanræki skipseigandi að vát tryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt reglugerð þessari, skal það eigi að síður metið og váttryggt af Samábyrgðinni.

11. gr.

Váttryggingarfjárhæð skips, sem váttryggt er hjá bátaábyrgðarfélagi, skal vera bolverð skipsins að viðbætti raflögn skv. mati til tryggingar. Skip, sem ekki eru tryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum, skulu metin af tveimur matsmönnum, sem Samábyrgðin skipar. Slíku mati má skjóta til yfirmats, sem framkvæmt skal af þremur dómkvöddum mönnum.

Ef vart verður fúaskemmda í skipi, skal það tilkynnt Samábyrgðinni. Matsmenn Samábyrgðarinnar skulu ákveða í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins, hvernig fúaskoðun fer fram, og skal fara eftir fyrirmælum matsmanna um frárif vegna skoðunarinnar og undir þeirra umsjón. Viðarsýnishorn, sem send eru sérfræðingi til sveppagreiningar, skulu tryggilega merkt og innsigliuð á staðnum, svo eigi verði um villst, hvar þau eru tekin.

12. gr.

Komi í ljós við skoðun vegna bráðafúúa, að ekki sé um bráðafúúaskemmdir að ræða, skiptist kostnaður vegna skoðunarinnar að jöfnu milli eiganda og Samábyrgðarinnar, enda sé skoðunin framkvæmd samkvæmt fyrirmælum og undir eftirliti matsmanna Samábyrgðarinnar.

13. gr.

Tjón bætist eftir mati og því aðeins, að þau hafi verið tilkynnt Samábyrgðinni. strax og skemmdar varð vart, og váttryggjandi hafi átt þess kost að láta skoða og meta tjónið áður en viðgerð hófst. Tjónmati má skjóta til yfirmats, sem framkvæmt er af þremur dómkvöddum mönnum.

Tjón skal talið tilheyra því váttryggingartímabili, þegar viðarsýnishorn þau voru tekin, er leiddu til úrskurðar um bráðafúúatjón.

Váttryggjandi skal láta sérfræðing dæma um tegund fúans og trúnaðarmann sinn hafa eftirlit með viðgerðinni.

Eigandi sér um viðgerð á skipi sínu, nema váttryggjandi ákveði, að taka viðgerðina í sínar hendur.

Þegar gert er við skip vegna bráðafúúatjóns, ber eigandi $\frac{1}{3}$ kostnaðarins, og auk þess sjálfsábyrgð kr. 5 000.00 margfaldaðar með rúmlestatölu skipsins, þó eigi hærrí tölu en 85 rúmlestir. Grunntalan breytist í samræmi við verðbreytingar, er kunna að verða eftir að reglugerð þessi tekur gildi og leiða til breytinga á váttryggingarverði nýrra skipa.

Hámarksbætur vegna bráðafúúatjóns er váttryggingarfjárhæð skips sbr. 11. gr. Hámarksbætur greiðast, ef viðgerðarmat bráðafúúatjóns að frádregnum $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar er jafnhátt eða hærra en váttryggingarverðið, enda sé gert við skipið.

Sé skip gert ónýtt vegna bráðafúúatjóns, skulu bætur aldrei vera hærrí en 80% af váttryggingarverðinu.

Tjónviðgerðarkostnaður greiðist eins reglulega og váttryggjanda er unnt vegna innheimtu iðgjalda.

Váttryggjandi tekur engan þátt í eldsneytis- eða mannahaldskostnaði skipsins, meðan viðgerð stendur yfir.

Séu skemmdir svo miklar og skip að öðru leyti svo lélegt og óhentugt, að váttryggða og váttryggjanda komi saman um að skipið skuli rifið, án þess að viðgerðarmatið að frádregnum $\frac{1}{5}$ kostnaðar fari fram úr váttryggingarverði skipsins, skal tjónið bætt aðeins að tveim þriðju hlutum tjónmatsins, sem eftir verður að frádregnum $\frac{1}{5}$ kostnaðar.

Ef skip er gert ónýtt vegna bráðafúúa, á váttryggni leifar skipsins. Tekur hann við leifunum og ber allan kostnað þeirra vegna frá þeim degi að úrskurður váttryggjanda um tjónið liggur fyrir. Þegar þannig stendur á greiðir váttryggjandi aðeins kostnað við nauðsynlegt frárið vegna fúaskoðunar og stöðu skipsins í slipp þann tíma, er fúarannsókn váttryggjanda fór fram.

Váttryggni á rétt á vöxtum af bótum vegna alskaða þrem mánuðum eftir að ákvörðun er tekin um að ekki skuli gert við skipið.

14. gr.

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina, að fenginni umsögn Tryggingaeftirlitsins, og skulu þau ákveðin árlega.

Iðgjöld falla í gjalddaga, þegar tryggingin gengur í gildi, og síðan 1. janúar ár hvert.

Iðgjöld endurgreiðast ekki, þótt um hafnarlegu eða uppistöðu hlutaðeigandi skips sé að ræða.

Heimilt er váttryggjanda að innheimta vexti af ógreiddum iðgjöldum. Skulu þeir vera 1% p. a. lægri en víxilvextir Landsbankans.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Samábyrgðin hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir váttryggingariðgjöldum og skoðunarkostnaði, þó eigi lengur en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Þegar Samábyrgðinni hefur verið tilkynnt, að váttryggt skip sé íveði fyrir láni, má eigi fella skipið úr tryggingu vegna vanskila, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjaldið.

Þegar váttryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til váttryggingarfjárins.

16. gr.

Ágreiningurinn milli váttryggðra og váttryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

17. gr.

Samábyrgðin er undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi skv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Váttryggingarskírteini, sem Samábyrgðin gefur út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 31. desember 1975, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 164 20. maí 1968.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.